

# KVI3B05 – lokaverkefni kvikmyndagerð

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Hákon Már Oddsson

**Netfang/netföng:**

hakon.oddsson@borgo.is

## Lýsing:

Nemendur rannsaka og dýpka skilning og þekkingu á nokkrum grundvallarpáttum við gerð og framleiðslu kvikmynda. Viðfangsefni styðja við og styrkja lokaverkefni nemenda. Áfanginn er í formi „masterclass“ eða sérhæfðra viðfangsefna sem tengjast lokaverkefni og er áhersla lögð á sjálfstæða rannsóknarvinnu nemenda. Kennslan byggir á fyrirlestrum, sýnikennslu og einstaklingsmiðaðri leiðsögn. Í áfanganum vinna nemendur m.a. að skipulagningu, undirbúningi og framleiðslu eigin stuttmyndar. Veitt er þjálfun í skipulagningu vinnuferlis, kynningu á aðferðum og tækni til að útfæra hugmyndir og til að fullvinna framleiðslu- og upptökuáætlun. Nemendum er leiðbeint og stutt er við nemendur í upptöku- og eftirvinnsluferlinu. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér þá sérhæfðu hæfni sem þeir hafa aflað sér í náminu í kvikmyndagerð og á öðrum sviðum listsköpunar og hönnunar. Viðfangsefni áfangans styðja við og styrkja lokaverkefni nemenda. Lokaafurð áfangans er opinber frumsýning á stuttmynd.

## Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum rannsóknarvinnu við sértæk svið kvikmyndaframleiðslu.
- þeim tækjum og hugbúnaði sem þörf er á við framleiðslu kvikmynda.
- sértækri þekkingu á skipulagi og tímaplani við kvikmyndatöku.
- sértækri þekkingu á eftirvinnslu og frágangi kvikmynda til sýningu.
- mikilvægi þess að fylgjast með þróun tæknibúnaðar og aðferða við kvikmyndagerð.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita aðferðum rannsóknarvinnu til að afla upplýsinga og finna lausnir.
- leita hagkvæmra leiða í undirbúningi kvikmyndaframleiðslu.
- skipuleggja og taka upp kvikmynd.
- ákveða eftirvinnsluferli kvikmyndar.
- framkvæma sértæk eftirvinnsluverkefni.
- útbúa kvikmynd til sýningar í mismunandi miðlum.
- vinna kynningarefni með kvikmynd.
- ræða undirbúningsaðferðir annarra af viðsýni og þekkingu.
- afla sér nauðsynlegrar viðbótarþekkingar.



Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- undirbúa kvikmyndatöku á sem hagkvæmastan hátt.
- beita rannsóknaraðferðum til að afla upplýsinga og þekkingu.
- undirbúa kvikmynd til framleiðslu á hefðbundin hátt.
- setja fram skipulag fyrir upptöku og vinnsluferli kvikmyndar.
- skipuleggja eftirvinnsluferli kvikmyndar með sértækum lausnum.
- nýta eigið innsæi og fagþekkingu í undirbúningi verkáætlunar.
- ræða á gagnrýnin og uppbyggilegan hátt um eigin vinnu og annarra.

### Námsmat:

Lokaverkefni í kvikmyndagerð er samþætting áfanga; KVI3F05, KVI3G05, VEK3A05, HLK3E05 og skiptist í eftirfarandi verkþætti:

- a) undirbúning (pre-production) 25%
- b) upptökur (production) 15%
- c) eftirvinnslu (post-production) 30%
- d) skil og frumsýning 25%
- e) frágang 5%

Nemandi þarf að ljúka a, b, c og d lið með lágmarkseinkunn 5 (hverjum og einum lið) að standast lokaverkefnið og til fá fullnaðareinkunn. Nánari útfærsla á hverjum verkþætti verður kynnt tímum og kemur fram á Innu.

Skil verkefna eru; a) verkefni (uppfært á ský) eða skrár og tenglar (skil í Innu), b) kynningar nemenda í tímum, c) sýning nemenda á hrátökum og grófkippingu, d) útprentun á kynningarefni, e) útkeysla kvikmyndar, f) kynningarefni og g) frumsýning í kvikmyndahúsi.

### Námsgögn:

Notast er við þau tæki, forrit og kennslugögn sem nemendur hafa lært á og notað undanfarin ár í náminu. Nemendur hafa aðgang að tölum, upptökutækjum og forritum til vinnslu. Verkefni og skil eru skilgreind í námsáætlun á Innu. Nemendur mæti með heyrnartól.

### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur fara í gegnum vinnsluferli kvikmyndar frá hugmynd til fullbúinnar kvikmyndar sem er frumsýnd í kvikmyndahúsi (ferill frá A til Z). Krafist er stöðugs vinnuframlags og góðrar ástundunar en álag getur verið misjafnt eftir vinnsluþáttum og framvindu hvers verkefnis.

Gott er ef nemendur geta haft eigin tölvudisk til að klippa á svo að verkefnið bindist ekki í einni vinnslustöð. Ef diskurinn er HDD (eldri diskar) er brýnt að hann sé 7200rpm en allir SSD diskar ættu að vera í lagi til klipping. Brýnt að gera öryggisafrit af upptökum og vinnsluskrám.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning áfanga	
2	9.-13. janúar	Undirbúningur (Pre-Production) - Pitch / Áætlanir	
3	16.-20. janúar	Undirbúningur (Pre-Production) - Previs / Áætlanir / Tækjafleði	
4	23.-27. janúar	Undirbúningur (Pre-Production) - Kostnaðaráætlun / Tökuplan	
5	30. jan- 3. febrúar	Upptökur (Production) - Undirbúningur / Upptökur	
6	6.-10. febrúar	Upptökur (Production) - Upptökur (vinna hjá öðrum)	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Upptökur (Production) - Upptökur (vinna hjá öðrum)	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Upptökur (Production) - Klipping / Upptökur (vinna hjá öðrum)	Vorannahlé
9	28. feb. - 3. mars	Eftirvinnsla (Post-production) - Klipping	
10	6.-10. mars	Eftirvinnsla (Post-production) - Klipping	
11	13.-17. mars	Eftirvinnsla (Post-production) - Klipping / Aukatökur ef þarf	
12	20.-24. mars	Eftirvinnsla (Post-production) - Grófklipp kynnt	
13	27.-31. mars	Eftirvinnsla (Post-production) - Litun / Tiltlar	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Eftirvinnsla (Post-production) - Litun / Tiltlar	
16	17.-21. apríl	Eftirvinnsla (Post-production) - Rennsli	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Eftirvinnsla (Post-production) - Hljóðmix	Vörðuvika II
18	1.-5. maí	Eftirvinnsla (Post-production) - Úkeyrsla DCP / Prufusýning	Dagur verkalyðsins
19	8.-12. maí	Frumnýning kvikmyndahúsi 6. maí	
20	15.-16. maí	Frágangur. Varða III 23. maí.	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*